



Reykjavík 7. febrúar 2014

## TÚLKUN

### **Túlkun Fjármálaeftirlitsins á því hvort verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum sé heimilt að fjárfesta í einkahlutafélögum skv. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.**

Í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 128/2011 kemur fram að starfsheimildir verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða takmarkist við að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrirfram kunngerðri fjárfestingarstefnu.

Þá er í 1. mgr. 30. gr. sömu laga kveðið á um með tæmandi hætti í hvers konar fjárfestingum verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum er heimilt að binda fé sitt. Af 1.-7. tölul. 1. mgr. 30. gr. er ljóst að eigi verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum að vera heimilt að fjárfesta í einkahlutafélögum þarf að vera unnt að flokka fjárfestingu í einkahlutafélögum sem fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum skv. 1. tölul. 1. mgr. 30. gr.

Með hliðsjón af framangreindu er ljóst að til að verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum sé heimilt að fjárfesta í einkahlutafélagi þarf eignarhlutur í slíku félagi að falla undir hugtakið *verðbréf* í lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Hugtakið hefur tekið nokkrum breytingum í samræmi við erlenda þróun á sviði verðbréfaviðskipta frá gildistöku laga nr. 128/2011. Þær breytingar hafa þó ekki lotið að efnislegri merkingu hugtaksins að öðru leyti en að með eldri lögum nr. 33/2003 um verðbréfaviðskipti var hugtakið þrengt og hugtakið fjármálagerningur tók við sem nýtt yfirhugtak auk þess sem afleiður á verðbréf falla ekki lengur undir verðbréfahugtakið. Hugtakið verðbréf er skilgreint í a-lið 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. núgildandi verðbréfaviðskiptalaga. Ákvæðið hljóðar svo:

*a. Verðbréf, þ.e. þau framseljanlegu verðbréf sem hægt er að eiga viðskipti með á fjármagnsmarkaði, að undanskildum greiðsluskjöllum, svo sem:*

*i. hlutabréf í fyrirtækjum og önnur verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa í fyrirtækjum, sameignarfélögum eða öðrum lögaðilum og heimildarskírteini fyrir hlut,*

*ii. skuldabréf eða skuld á verðbréfaformi, þ.m.t. heimildarskírteini vegna slíkra verðbréfa,*

*iii. önnur verðbréf sem veita rétt til að kaupa eða selja verðbréf eða leiða til uppgjors í reiðufé sem ræðst af verðbréfum, gjaldmiðlum, vöxtum eða ávöxtunarkröfum, hrávörum eða öðrum vísitölum eða mælikvörðum.*

Hugtakið verðbréf tekur því einungis til framseljanlegra kröfuréttinda til peningagreiðslu eða ígildis hennar eða framseljanlegra skilríkja fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum, sem unnt er að eiga viðskipti með á fjármagnsmarkaði, að undanskildum greiðsluskjölum. Af framangreindu má ráða að svo að verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum sé heimilt að fjárfesta í einkahlutafélögum þurfi eignarhlutur í slíku félagi að vera bundinn við framseljanlegt skilríki sem unnt er að eiga viðskipti með á fjármagnsmarkaði.

Um einkahlutafélög er fjallað um í lögum nr. 138/1994. Í 1. mgr. 19. gr. þeirra laga kemur fram að þegar einkahlutafélag hafi verið stofnað skuli stjórn þess þegar í stað gera hlutaskrá sem skv. 2. mgr. 19. gr. skal hafa að geyma skrá um hluti í númeraröð og fyrir sérhvern hlut skal greint frá nafni eiganda, kennitölu og heimilisfang. Af ákvæðum 19. og 20. gr. laganna er ljóst að eignarhlutur í einkahlutafélagi er bundinn við skráningu í hlutaskrá en ekki einhvers konar skilríki fyrir eignarhlutnum. Í 3. mgr. 19. gr. laganna kemur þó fram að heimilt sé að gefa út hlutaskírteini í einkahlutafélögum. Um ákvæðið segir svo í athugasemdum við frumvarp það er varð að lögnum:

*Hlutaskírteini þau, sem gefa má út skv. 3. mgr., eru ekki viðskiptabréf eins og hlutabréf í hlutafélögum eru almennt. Hlutabréf yrðu ekki gefin út í einkahlutafélögum. Þar yrði hlutaskráin aðalheimildin um eignaraðild og væri unnt að gefa út vottorð úr henni, sbr. 6. mgr. þessarar greinar frumvarpsins, sem væru ekki heldur viðskiptabréf. Útgáfa hlutaskírteina skv. 3. mgr. væri hins vegar hátíðlegri leið til að votta eignaraðildina en útgáfa vottorða.*

Þar sem eignarhlutur í einkahlutafélagi er ekki bundinn við skírteinið, heldur skráningu í hlutaskrá, geta hlutaskírteini ekki talist vera framseljanleg skilríki fyrir eignarhlut og því getur fjárfesting í eignarhlut í einkahlutafélagi ekki talist fjárfesting í verðbréfum.

Með hliðsjón af öllu framangreindu telur Fjármálaeftirlitið að 1. mgr. 30. gr. laga nr. 128/2011 heimili verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum ekki að fjárfesta í einkahlutafélögum.